

Reykjavík, 18. september 2019

Bréf frá forstöðumönnum, aðstoðarforstöðumönnum og öðru starfsfólki í fullu starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem heyra undir frístundamiðstöðina Miðberg til sviðsstjóra Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og kjörinna fulltrúa í skóla og frístundaráði.

Mánudaginn 16. september var boðað til fundar með starfsfólki Miðbergs þar sem því voru kynntar miklar breytingar sem eru yfirvofandi á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar. Eftir þann fund vökunuðu margar spurningar hjá starfsfólkinu sem okkur langar að fá svör við. Það skal tekið fram að við hælumst ekki breytingar og séu þær starfinu og börnunum til heilla þá tökum við þeim fagnandi.

Okkar spurningar snúa aðalega að þeirri vinnu sem fram hefur farið við gerð nýja skipulagsins. Ekkert okkar var boðað til samráðs eða leitað eftir upplýsingum um hvernig starfi okkar er háttað. Við spyrjum því hverjir voru kallaðir til samráðs við undirbúning nýja skipulagsins?

Það hlýtur að teljast góð stjórnslá þegar gera á breytingar, að ræða við starfsfólkið sem að breytingarnar varða, fara í saumana á því hvernig þeirra starfi er háttað í dag og vinna út frá því við útfærslu breytinganna. Það að boða okkur á fund til að tilkynna okkur yfirvofandi breytingar án nokkurrar aðkomu okkar að útfærslunni þykja okkur vera vinnubrögð sem eru borginni ekki sæmandi.

Mörg okkar hafa unnið hjá Miðbergi í mörg ár, mikið hefur verið lagt upp úr samheldni hópsins. Við höfum háttað starfi okkar þannig að við hittumst á morgnana þar sem við skipuleggjum starfið og höfum faglegan stuðning hvert af öðru. Þetta hefur meðal annars skilað sér í því að sameiginlegir viðburðir frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Breiðholti eru fleiri og stærri en annarsstaðar í borginni. Við erum afar stolt af því starfi sem við höfum byggt upp í sameiningu og teljum við þetta fyrirkomulag vera lykilmátt í þeirri velgengni. Auk þess má benda á að starfsmannavelta í stjórnendahópi Miðbergs er afar lítil, minni en í öðrum borgarhlutum og einn stærsti þátturinn í því er hversu vel fólk þekkt og vinnur mikið og náið saman. Sameiginlegur starfsaldur okkar er einnig hærri en gengur og gerist í þessum geira.

Við hvetjum stjórnendur borgarinnar sem að taka ákvörðun um þessar breytingar að kynna sér enn betur hvaða fagstarf og samstarf er nú þegar er unnið í Breiðholti. Við teljum það best gert í samtali og samstarfi við okkur. Við vinnum á gólfínu. Við erum í tengslum við skólana, við erum í tengslum við foreldra, við erum í tengslum við börn og unglínga, við vitum hvað er okkar starfi fyrir bestu. Við viljum að tekið sé mark á okkur, okkar skoðunum og okkar þekkingu í þessum yfirvofandi breytingum.

Með þessu bréfi vonum við að okkur verði boðið til samráðs um útfærslu fyrirhugaðra breytinga áður en að þær verða lagðar til samþykktar hjá skóla og frístundaráði.

Virðingarfyllst,

Tryggu Dór Gíslason  
BERGIND ÓSK. GUÐMUNDSDÓTTIR  
Hlynur Cinarsson  
Tanya Ósk Bjarnadóttir  
Pjetur Marín Jónsd.  
Guðmunda Dagbjartard.  
Arbjör Ólafsdóttir

Eva Helgadóttir  
Kári Sigurðsson  
Dawid Hlókun J.  
Sigrún Ósk Arnard.  
Magnús Loftsson  
Sunnæva Sigríður Jónsdóttir  
Ingi Hrafn Pálsson  
Sandra Ósk Ingvassd.  
Pjetur Kári Ólafsson

gerður unni mistanna.

Herdis Einarsdóttir

Stefanía Elja Arnardóttir

Ottó Valur Leifsson

Hortbjörg Jónsdóttir  
Sraa Gunnarsdóttir

Gísli Þorkeiðsson

Sif Ómarsdóttir